



Reglur um garðþjónustu fyrir elli- og örorkulífeyrisþega í Hrunamannahreppi

1.gr. Markmið

Markmið með niðurgreiðslu á þjónustu við umhirðu garða er að aðstoða elli og örorkulífeyrisþega sem eru með 75% örorku (hér eftir nefndir þjónustuþegar). Með stuðningnum er viðkomandi gert kleift að búa lengur en ella í eigin húsnaði.

2.gr. Réttur til nýtingu þjónustu

Rétt til nýtingu þjónustunnar eiga elli- og örorkulífeyrisþegar með lögheimili í Hrunamannahreppi, sem hafa fasta búsetu og lögheimili í íbúðarhúsnaðinu þar sem þjónustunnar er óskað og sem ekki geta hirt lóðir sínar vegna skertrar getu (sému notendur Velferðarþjónustu Árnespings).

Þjónustan er eingöngu veitt þar sem allir heimilismenn eru elli-eða örorkulífeyrisþegar. Lóðir við fjöleignarhús tilheyra ekki þessari þjónustu nema allir íbúar þess falli undir ofangreind skilyrði.

Ekki er veitt niðurgreiðsla vegna þjónustu sem aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, geta annast.

3.gr. Þjónustulýsing og greiðslur

Þjónustuþegar leita sjálfir til þeirra þjónustuaðila sem bjóða upp á garðþjónustu og sjá um skipulagningu og greiðslur til viðkomandi þjónustuaðila.

Niðurgreiðsla sveitarfélagsins getur að hámarki numið kr. 35.000,- á ári. Upphæð þessi skal endurskoðuð við gerð fjárhagsáætlunar hvers árs og reglum breytt til samræmis árlega.

Þjónustuþegar skulu framvísa staðfestingu frá Velferðarþjónustu Árnespings um skerta getu eða framvísa gildu vottorði um að lágmarki 75% örorku áður en greiðsla getur átt sér stað.

Þjónustuþegi þarf að senda umsóknareyðublað um rétt til niðurgreiðslu og skila samhliða til sveitarfélagsins gildum reikningum vegna kaupa á þjónustu á skrifstofu Hrunamannahrepps eða á netfangið hruni@fludir.is.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 18. apríl 2024


Sveitarstjórinn í Hrunamannahreppi

Aldís Hafsteinsdóttir,
Sveitarstjóri Hrunamannahrepps